



Notkunarleiðbeiningar fyrir keðjuteppi (þyngdarteppe)

Keðjuteppi er hjálpartæki sem örvar skynjun og hægt að nota á mismunandi vegu allt eftir því hvaða áhrifa er óskað.

Keðjuteppi getur hjálpað börnum og fullorðnum með:

- Svefnvandamál
- Óróleika að degi og nóttu
- ADHD
- Einhverfu- Aspergerheilkenni
- Heilabilun
- Kvíða
- Taugasjúkdóma
- Ósjálfráðar hreyfingar- spasma
- Átröskun- lotugræðgi
- Ýmsar geðraskanir
- Proskahömlun að ýmsu tagi

Til athugunar:

- Aðgát skal hafa við notkun á keðjuteppi þegar notandi er með skerta lungnastarfsemi því þyngdin á teppinu getur skert öndun hjá þessum sjúklingahópi.
- Passa skal vel uppá að teppi liggi ekki á gólfi því það getur aukið hættu á byltu þeirra sem þar ganga um.
- Keðjuteppið inniheldur stálkeðjur. Hafi notandi ígræðslur sem hætta er á að stálið hafi áhrif á skal leita ráðgjafar hjá lækni varðandi notkun á teppinu.

Nokkrir valmöguleikar á notkun teppisins:



Hægt er að nota keðjuteppið við ýmsar aðstæður, allt eftir því hvað er verið að gera hverju sinni og hvaða áhrifum er verið að leitast eftir, s.s. ná dýpri slökun, meiri ró eða til að ná meiri einbeitingu við ákveðnar aðstæður.

Hægt er að velja um mismunandi þyngdir á teppum:

4 kg - stærð 70 x 125cm.

7 kg - stærð 150 x 205cm.

Teppið er með slitsterku áklæði sem er með mismunandi áferð á hvorri hlið. Önnur hliðin er minna bólstruð - þannig finnst meira fyrir keðjunum sem eykur skynjunina. Það hvora hliðina fólk velur að hafa nær sér, er afar einstaklingsbundið og gott er að prófa sig aðeins áfram í þeim efnum.

Þvottaleiðbeiningar:

- Keðjuteppi skal alltaf þvo í meðfylgjandi þvottaneti.
- Keðjuteppi má þvo við max 60°C á þvottakerfi fyrir viðkvæman þvott.
- Má ekki setja í þurrkara.
- Má ekki nota nein kemísk efni við þvott.
- Keðjuteppi eru framleiddar úr eldhemjandi efnum. Áklæðið er úr Trevira og uppyllir viðurkennda staðla.
- Keðjuteppin eru CE merktar og eru framleiddar í Svíþjóð.